



18. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 12. febrúar 2021 í Þjónustumiðstöðinni í Reykjavík.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GÞG), Gissur Jónsson (GJ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Lárus B. Lárusson (LBL), Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK), Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ (var í fjarfundi) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (Alþ) framkvæmdastjóri UMFÍ.

1. Fundur settur kl. 16:00.
2. Stefnumótun.
 - Hrönn Pétursdóttir, ráðgjafi, kynnti tilboð og ferli við stefnumótunarvinnu.
 - Stjórn samþykkir að ganga til samninga við Hrönn um vinnuna. Gerður verður skriflegur samningur.
 - HV lagði til að JSI, GG og Alþ verði aðaltengiliðir stjórnar við verkefnið. Samþykkt.
3. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
Alþ gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundi.

ÁJR vék af fundi kl. 16:58.

4. Fundargerðir og erindi frá nefndum lagðar fram til kynningar.
 - 27. og 28. Framkvæmdastjórnarfundargerðir.
 - 11. fundargerð Ungmennaráðs.
 - 4. fundargerð stjórnar Fræðslu- og verkefnasjóðs.
 - Minnisblað frá Fræðslunefnd.
5. Tillaga framkvæmdastjórnar vegna Fræðslu- og verkefnasjóðs og Umhverfissjóðs.
 - Stjórn Fræðslu- og verkefnasjóðs leggur til, í samræmi við bókun á 28. fundi framkvæmdastjórnar, að tímakröfur um að sækja styrki fyrir verkefnum sem hlutið hafa styrk úr Fræðslu- og verkefnasjóði á árinu 2020 verði framlengdar um eitt ár. Síðustu tvær úthlutanir 1. apríl og 1. október verða því með 12 mánaða lengri skilafresti en tilgreint er í reglum sjóðsins eða 24 mánuði eftir úthlutun. Þetta á einungis við vegna ársins 2020.
Þetta er lagt til á grundvelli hinna fordæmalausu tíma Covid heimsfaraldursins síðastliðið u.p.b. eitt ár. Þjónustumiðstöð UMFÍ er falið að sjá um að fylgja eftir samþykkt tillögunnar.
 - Stjórn samþykkir bessa tillögu en áréttar að hún er ekki fordæmisgefandi. Á sömu forsendum er lagt til að það sama geti gilt um styrki Umhverfissjóðs.

6. Fjármál, styrkir.

- UMFÍ hefur fengið styrki frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Félagsmálaráðuneyti vegna skerðingar á starfsemi ungmenna- og tómstundabúða. Stjórn UMFÍ þakkar kærlega fyrir styrkina sem koma að verulega góðum notum.

7. Skráningarkerfi.

- GþG gerði grein fyrir stöðu mála í skráningarkerfismálum Íþróttahreyfingarinnar.

8. Mótahald 2021.

- Bréf frá UMSK varðandi frestun á Íþróttaveislunni 2021.
 - Stjórn UMSK fer þess á leit við stjórn UMFÍ að Íþróttaveislu UMFÍ verði frestað til ársins 2022. UMSK lýsir sig reiðubúið til að halda Íþróttaveisluna þá og á því formi sem um hefur verið rætt svo fremi sem aðstæður í þjóðfélaginu heimili.
 - Stjórn UMFÍ samþykkir tillögu UMSK um að mótinu verði frestað til 2022 og verði þá í umsjón UMSK.
- GS og LBL viku af fundi við afgreiðslu þessa máls.

9. Heiðranir.

- Stjórn samþykkir að veita tvö gullmerki.

10. Ársþing / aðalfundir sambandsaðila og sérsambanda á næstunni.

- Þjónustumiðstöð falið að vinna áfram að málinu.

11. Önnur mál.

- GS skipaður í Laganefnd UMFÍ.

SÓJ ritaði fundargerð.
Fundí slitið kl. 18:11.